

Patreksfjörður 13. júlí 2026

Erindi til bæjarráðs Vesturbyggðar varðandi listaverk á gafli Pakkhússins.

Undirrituð óskar eftir að fá að setja upp vegglistaverk eftir listamanninn Juan (Juan Pictures Art), á gafi Pakkhússins sem snýr að gamla Salthúsinu á Patreksfirði. Juan lærði myndlist á Spáni en hefur vakið mikla athygli undanfarin ár fyrir skemmtileg vegglistaverk víða um land. Listaverkið á Patreksfirði yrði vísun í gamla tímann og sjávarþorpið Patreksfjörð þar sem sjá má sjómann á báti inni í Patreksfirði þar sem fjöll, sjófuglar og gömul hús og trébryggjur prýða umhverfið. Listaverkinu er ætlað að hafa jákvæð áhrif á umhverfið, fegra það og vekja athygli vegfarenda. Undirrituð telur að listaverkið muni glæða lífi í svæði sem ekki veitir af smá upplyftingu. Verkið myndi sjást víða að þegar gengið eða ekið er um Patreksfjörð. Listaverkið yrði kostað af Westfjords Adventures, ásamt þegar fengnum styrk upp á 150.000 kr. frá Vesturbyggð.

Bestu kveðjur,

Gunnþórunn Bender, framkvæmdastjóri Westfjords Adventures.